



66. fundur.

16. apríl 2015 kl. 13:00 -14:30

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Vaglaskógur. Deiliskipulag.*
2. *Fellsendi. Stofnun lóðar.*
3. *Dalakofinn. Umsókn um stöðuleyfi.*
4. *Ferðaþjónusta í Þingeyjarsveit. Rekstrarleyfi vegna gistipjónustu*

1. Vaglaskógur. Deiliskipulag.

S20150402

Erindi dags 10. apríl frá Landslagi efh, Ómari Ívarssyni, skipulagsfræðingi, f.h. Skógræktar ríkisins þar sem óskað er eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir Stórarjódur og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis verzlun í Vaglaskógi. Deiliskipulagið felur m.a. í sér að skilgreina fyrirkomulag tjaldsvæða, snyrtinga, göngustíga, áningarstaða, leiksvæða og bílastæða á svæðunum ásamt því að staðsetja áningarbyggingu og mögulega þjónustubyggingu á svæðinu. Með umsög fylgir skipulagslýsing dags. 10. apríl 2015.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði samþykkt og að umsækjanda verði heimilað að vinna tillögu að deiliskipulag skv. henni. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenning i eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. Fellsendi. Stofnun lóðar.

S20150401

Erindi dags. 20. mars 2015 frá Sigurði Haraldssyni, Núpaland 8, 201 Kópavogi, þar sem hann sækir um heimild til að stofna sérstaka lóð undir fjós og hlöðu á jörðinni Fellsenda. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 frá þjóðskrá og lóðarblað dags. 10. apríl frá Búgarði (GHG)

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár

3. Dalakofinn. Umsókn um stöðuleyfi.

ST20150401.

Erindi dags. 13. apríl 2015 frá Haraldi Bóassyni f.h. Útibús ehf, kt. 630206-2000, 650 Laugum þar sem hann sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta geymslugámi, sem hann hyggst staðsetja við vesturhlið *Dalakofans* og nota sem lagerrými.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gámnum til eins árs og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út leyfið. Nefndin leggur jafnframt til við sveitarstjórn að sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gera tillögu að reglum (reglugerð) og gjaldskrá fyrir leyfisveitingu fyrir geymslugáma í sveitarfélaginu þar sem sérstaklega verði kveðið á um staðsetningu frágang og gjaldskrá.

4. Ferðapjónusta í Þingeyjarsveit. Rekstrarleyfi vegna gistiþjónustu.

S20150402.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir grein fyrir vinnureglum sem önnur sveitarfélög viðhafa við útgáfu rekstrarleyfa vegna gistiþjónustu m.t.t. skipulagsákvæða.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að viðhafðar verði eftirfarandi vinnureglur við útgáfu rekstrarleyfa til gistiþjónustu.

Við útgáfu rekstrarleyfa fyrir gistiþjónustu skal fara fram grenndarkynning nema í þeim tilfellum sem umfang hennar veldur ekki truflun eða óþægindum fyrir nágretta.

Fundi slitið.